

Íslenskur iðnaður

3. og 4. tölublað 18. árg.

Mars/Apríl 2012

Samtök iðnaðarins

SI

Rúmlega 300 manns sóttu Iðning Samtaka iðnaðarins sem haldið var í Íþrótt- og sýningarhöllinni í Laugardal þann 15. mars.

Á þinginu var rætt um efnahagssumhverfið, gjaldmiðlavandann og tækifæri í iðnaði til framtíðar.

Erindi fluttu Helgi Magnússon, fráfarandi formaður SI, iðnaðarráðherra Oddný G. Harðardóttir, Jón Daníelsson, prófessor við London School of Economics, Rannveig Rist, forstjóri Alcan á Íslandi og Sigsteinn P. Grétarsson, aðstoðarforstjóri Marel.

Orri Hauksson, framkvæmdastjóri SI stýrði pallborðsumræðum með þátttöku frummælenda og Svönu Helenar Björnsdóttur, nýkjörins formanns SI.

Úrslit kosninga til stjórnar SI

Svana Helen Björnsdóttir, forstjóri Stika var kjörin formaður Samtaka iðnaðarins með 58,6% greiddra atkvæða. Í fyrsta sinn gegnir kona embætti formanns.

Einnig í kjöri til formanns var Haraldur Ólafsson, framkvæmdastjóri Furu. Samkvæmt lögum SI getur formaður ekki setið lengur en sex ár samfleytt og var Helgi Magnússon því ekki lengur kjörgengur.

Helmungur stjórnar er kosin á hverju ári til tveggja ára í senn. Að þessu sinni náðu kjöri þau Bolli Árnason, GT tækni ehf., Sigsteinn P. Grétarsson, Marel hf. og Vilborg Einarisdóttir, Mentor ehf. Halldór Einarsson, Henson ehf. og Hilmar Veigar Pétursson, CCP hf. komu næst að atkvæðatölu og eru kjörnir til setu í ráðgjafaráði Samtaka iðnaðarins til eins árs og eru jafnframt varamenn í stjórn Samtakanna.

framhald á bls.4



bls. 2




Fagleg umræða um Evrópumál

bls. 3 - 6



Iðningur í máli og myndum

bls. 7



Andstaða við ESB eykst

bls. 8



Menntadagur iðnaðarins

bls. 9



Metþátttaka á Seed Forum

Fagleg umræða um Evrópumál



Svana Helen Björnsdóttir
formaður SI

Nýlega voru birtar niðurstöður könnunar á fylgi félaga innan Samtaka iðnaðarins við aðild Íslands að Evrópusambandinu. Þær sýna að viðhorf félagsmanna hefur breyst nokkuð frá síðustu könnun sem gerð var árið 2007. Þá voru heldur fleiri félagsmenn jákvæðir en neikvæðir í garð ESB. Nýja könnunin sýnir hins vegar að nú eru mun fleiri félagsmenn neikvæðir, þ.e. vilja ekki að Ísland gangi í ESB.

Niðurstöðum könnunar SI ber saman við aðrar kannanir sem gerðar hafa verið á síðustu mánuðum meðal almennings. Þær sýna hik sem virðist vera á Íslendingum gagnvart aðild að ESB og endurspeglar vel það ástand sem ríkir í efnahagsmálum heimsins. Um helmingur virðist vera þeirrar skoðunar að ljúka beri viðræðunum og fá fram samning sem borinn verði undir þjóðaratkvæði. Svo virðist sem fólk vilji bíða átektu og sjá hvernig ESB gengur að leysa úr þeim vanda sem nokkrar aðildarþjóðir glíma nú við. Hvernig mun Seðlabanki Evrópu koma að lausn erfiðra mála og við hverju geta Íslendingar búist í framtíðinni? Er ESB bandalag vinaríkja sem standa saman við úrlausn erfiðra mála og hjálpa hvert öðru? Hvað eru þjóðverjar og aðrar öflugar þjóðir reiðubúnar að ganga langt í því að taka á sig skuldir annarra þjóða? Þetta eru áleitnar spurningar fyrir marga.

Ólík ríki sem starfa saman

Nú er það auðvitað svo að aðildarríki ESB eru ólík innbyrðis. Menning þjóðanna sem löndin byggja er ólík og tungumálin einnig. Við fyrstu sýn virðist ekki margt sameina ríki ESB. Þvert á móti virðist svo margt ólíkt með þeim að ótrúlegt má heita að þau geti starfað saman á markvissan og agaðan hátt til

farsældar fyrir ríkin öll. Það er því sannarlega eftirtektarvert að öll 27 ríki ESB skuli deila framtíðarsýn um öfluga Evrópu ólíkra þjóða með sameiginlegan markað, friðarbandalag og um leið viðskiptabandalag.

Evrópusambandið spratt upp úr erfiðri reynslu nágrannþjóða sem höfðu ítrekt að háð blóðugar styrjaldir sem engu skiluðu öðru en ómældu tjóni. ESB er vissulega stofnað um hagsmuni og það er í grunninn viðskiptabandalag. En það er einnig og ekki síður friðarbandalag sem hefur afar mikilvægu hlutverki að gegna á heimsvísu. Þar er vörður staðinn um réttindi barna, kvenna og minnihlutahópa, betur en annars staðar í heiminum. Innan ESB eru þjóðir sem láta sig mannhelgi, tjáningarfrelsi og persónuvernd miklu skipta. Gildi sem margir hér á landi taka sem sjálfsögð, en fæstir íbúar þessa heims búa þó við. Hin nána samvinna ESB ríkjanna neyðir þau til þess að skera úr ágreiningi með samningum eða fyrir dómstólum, stríðsátök eru ekki í boði. Ríkin mynda með sér einn stóran markað þar sem nærri engar hindranir eru fyrir viðskiptum eða öðrum menningarlegum samskiptum. Kosturinn er sá að atvinnulífið hefur óhindraðan aðgang að markaðnum fyrir afurðir sínar og getur sótt þangað allar þær þjargir sem það þarfnast, allt frá íhlutum til vinnuafis og fjármagns.

Náum hagstæðri niðurstöðu

Ljóst er að möguleg aðild Íslands að ESB er umdeild. Umræðan er oft mjög ómálefnaleg og mikið um rangfærslur sem gerir það að verkum að flestum reynist erfitt að átta sig á staðreyndum málsins.

Eftir að Alþingi ákvað að sækja um

aðild og viðræður hófust, er hafið ákveðið úrvinnsluferli sem á að skila þjóðinni aðildarsamningi. Allir sem að þessu ferli koma þurfa að leggja sig fram um að niðurstaðan verði sem hagstæðust, hvort sem viðkomandi er með aðild, á móti eða óákveðinn.

Fólk treystir því að fá að greiða atkvæði um samninginn þegar þar að kemur. Það er ólíklegt að sátt náist meðal þjóðarinnar ef aðildarviðræður verða stöðvaðar eða að þeim staðið með ófaglegum hætti.

Fagleg og öfgalaus umræða

SI eiga að beita sér fyrir því að umræða um Evrópumálin sé fagleg og öfgalaus. Friður mun hvorki ríkja í íslensku efnahagslífi né hjá þjóðinni, ef samningahóparnir vinna ekki af heilindum og fagmennsku. Mikilvægt er að fulltrúar iðnaðar og annarra greina atvinnulífsins verði kallaðir til áður en viðræður um einstaka og mikilvæga málaflokka hefjast. Vanda þarf alla vinnu og gefa henni þann tíma sem nauðsyn krefur til að sátt verði um málin og sem hagstæðastar niðurstöður fáist.

Íslenskur iðnaður

Fréttablað Samtaka iðnaðarins
3.-4. töl. 18. árg. Mars/Apríl 2012
ISSN 1022-7741

Fór í prentsmíðu: 26.4.2012
Prentvinnsla: Prenttækni hf.
Plastpökkun: Bjarkarás
Ljósmyndir: Odd Stefán, Haraldur Guðjónsson bls. 9
Útgefandi: Samtök iðnaðarins, Borgartúni 35,
105 Reykjavík, sími: 591 0100, fax: 591 0101
Kennitala: 511093-2019
www.si.is, netfang: ritstjorn@si.is
Ábyrgðarmaður: Orrí Hauksson
Ritstjóri: Rakei Pálsdóttir
Umbrot: Þóra Ólafsdóttir

Fjölmiðlum er frjálst að nota rit að efni úr Íslenskum iðnaði í heild sinni eða að hluta. Fjölmiðlamenn eru vinsamlegast beðnir að geta heimildar í slíkum tilvikum.



Hvað er að fréttu?

Samtök iðnaðarins leggja metnað í að birta fréttir af fyrirtækjum innan sinna raða í Íslenskum iðnaði og á vefsetri Samtakanna www.si.is Hvetjum félagsmenn til að benda okkur á efni eða senda okkur fréttir á netfangið rakel@si.is

Þurfum að koma okkur af slysstað



Helgi Magnússon sagði í ræðu sinni á Iðnhöfningi ríkisstjórn síðustu þriggja ára hafa hamlað gegn endurreisn Íslands með því að framfylgja rangri efnahagsstefnu sem einkennst hefur af úlfúð í garð atvinnulífsins og lamandi skattþeningarstefnu. Helgi sagði jafnframt unnt að væri ná hröðum efnahagsbata en ekki með núverandi stjórnarstefnu. Koma þurfi á öflugri hagvaxtarstefnu m.a. með því að ná sátt um sjávarútvegsstefnu, fara af krafti í fjárfestingar og skynsamlega uppbyggingu í orku- og stóriðju, hringa í framkvæmd áætlun um samgönguframkvæmdir með langtímafjármögnun lífeyrissjóða, lækka skatta á fólk og fyrirtæki og finna framtíðarlausn á gjaldmiðlavandanum.

Helgi lagði að til að bæta samfélagið þurfi að koma til hugarfarsbreytingar hjá þjóðinni. Rjúfa þurfi vítahring neikvæðni og niðurrífs-tilburða. „Það gengur ekki að halda áfram að afsaka slæga frammistöðu á ýmsum sviðum með því að vísa stöðugt í hrúnið sem varð fyrir þremur og hálfu ári. Við þurfum að fara að koma okkur af slysstað.“

Skýr raunhæf stefna um upptöku evru

Iðnaðarráðgjafi, Oddný G. Harðardóttir sagði Ísland vissulega hafa staðið tæpt en að frá hrúni séum við á réttri leið og að náðst hafi mikill árangur.

Þá fagnaði Oddný því að senn yrði lokið rammaáætlun og sagði það mikið framfaraspör fyrir orkuviðnað í landinu því að þá gefist í fyrsta sinn tækifæri til þess að horfa til lengri tíma í orkuöflun.

Oddný lagði jafnframt áherslu á nauðsyn þess að marka skýra raunhæfa stefnu um upptöku evru – annars vofir yfir okkur sú að hætta að hér myndist tvöfalt hagkerfi.

Íslenska þjóðin stendur ekki frammi fyrir neinum góðum kostum þegar kemur að útfærslu gjaldeyrisslaganna segir Oddný. Valið standi alltaf á milli fárra slæmra kosta.

Þá minnti Oddný á að á síðasta Iðnhöfningi 2011 hefði krafan verið skýr um að ganga í ESB og taka upp evru og kallaði eftir sterkari stuðningi frá aðildarfélögum iðnaðarins við sannfæra íslenska kjósendur um mikilvægi þess að ganga í Evrópusambandið og taka upp evru.



Hægt að afnema gjaldeyrishöftin á skömmum tíma

Jón Daníelsson fjallaði um ESB, Ísland og gjaldeyrishöftin. Hann telur alla hafa vitað að Grikkland stæðist enga mælikvarða um að ganga í evruna í upphafi leiks, samt var þeim vísvitandi hleypt inn í Evrópusamstarfið. Að auki hafi Grikkland ekki verið eina landið sem stóðst ekki upphaflega mælikvarða.

Jón telur að líklegast muni evrusamstarfið komast gegnum erfiðleikana, en á ómarkvissan hátt. Evrópskir leiðtogar hafa ekki ráðfært sig við sérfræðinga í skuldavanda þjóða á borð við IMF, en grípa þess í stað til aðferða sem veikja hið evrópska hagkerfi. En hugsanlegt er einnig að evruþjóðirnar leysi vandamálið í eitt skipti fyrir öll og sameini ríkisfjármál sín með einum eða öðrum hætti.

Við Íslandi blasa fjórir kostir að mati Jóns. Í fyrsta lagi að halda gjaldeyrishöftunum í óbreyttri mynd til langs tíma. Einnig kemur til greina að afnema gjöldin og halda krónunni. Í þriðja lagi að taka einhliða upp annan gjaldmiðil sem að mati Jóns er fráleitur kostur sem er dæmigerð þriðja heims lausn. Í fjórða lagi þá langtímalausn að ganga í ESB og taka upp evru.

Jón segir að hægt sé að afnema gjaldeyrishöftin á þremur mánuð-



um. Fyrst þyrfti að bjóða upp gjaldeyri og finna verð á krónuna sem nær því að vera markaðsverð. Undirbúa þyrfti aðgerðir fyrir þá sem yrðu fyrir vondum áhrifum á gengislækkun krónunnar eftir afnám og samhliða þyrfti að tilkynna stefnumörkun sem yki traust á hagkerfinu, s.s. um skattamál, opinbera reglustýringu, erlenda fjárfestingu og fjármálakerfið. Samstarf við IMF eykur ekki trúverðugleika en auk þess orkar ráðgjöf IMF tvímælis að mati Jóns.

Guðrún Hafsteinsdóttir, Kjörís ehf. var fundarstjóri á Iðnþingi



Er um við að leysa rétta vandann?

Rannveig Rist sagði of mikið einblínt á efnahags- og fjármál á Íslandi, því rót vandans væri miklu fremur slæmt siðferði, eiginhagsmunasemi, óheiðarleiki og virðingarleysi. Sagði hún að Íslendingar þyrftu að taka sig saman í andlitinu hvað þetta varðar.

Rannveig sagði frá 60 milljarða fjárfestingarverkefni í Straumsvík sem fengið hefði fremur litla athygli, og sagði ástæðuna sennilega þá að ekki væri ágreiningur um verkefnið, en ágreiningi og deilum væri hampað of mikið í umræðunni. Loks benti hún á að tillaga iðnaðar- og umhverfisráðherra um flokkun virkjanakosta fæli í sér verndun á yfir helmingi virkjanakosta. Aftur á móti væri þar boðað grænt ljós á undirbúning umtalsverðrar orkuöflunar, eða sem nemur um 13 teravattstundum. Sú orka myndi duga fjórum Straumsvíkurláttum og að auki til 20-földunar ylræktar. Þarna væru því forsendur fyrir mjög mikilli verðmætasköpun. Sagðist hún vona að nýtingarflokkur yrði ekki minnkaður um fjórðung, eins og nefnt hefði verið í fréttum, enda stæði þá aðeins eftir að leyft væri að byggja eina nýja vatnsaflsvirkjun á Íslandi, Hvalárvirkjun í Ófeigsfirði. Taldi hún ótrúlegt að það yrði sú sáttatillaga sem áralöng vinna við rammaáætlun ætti að skila.



Verðmætasköpun í hátækni iðnaði

Sigsteinn P. Grétarsson sagði aukin útflutningsverðmæti forsendu varanlegs hagvaxtar en Marel er skólabókardæmi um fyrirtæki sem hefur náð afburðarárangri á liðnum áratugum.

Nýsköpun er annar af þeim þáttum sem eru forsenda fyrir vexti og árangri Marel. „Nýsköpun er markaðsdrifin. Við erum vakin og sofin yfir þörfum markaðarins og þróun hans“ sagði Sigsteinn.

Seinni þátturinn er markaðssókn. Markaður Marel vex um fjögur prósent árlega en aðrir nýir markaðir vaxa um sex til átta prósent. Fyrirtækið hefur haslað sér völl í BRIC löndunum svokölluðu (Brasilíu, Rússlandi, Indlandi og Kína). Þar er vöxturinn gríðarlegur og tækifærin stórkostleg.

Allt frá því að fyrirtækið var sett á markað fyrir 20 árum hefur það vaxið. Það er áhyggjuefni að mati Sigsteins að það séu engin fyrirtæki sjáanleg sem eru á svipaðri braut.



Úrslit kosninga - framhald af forsiðu

Fyrir í stjórn Samtakanna eru Andri Þór Guðmundsson, Ölgerðin Egill Skallagrímsson ehf., Guðrún Hafsteinsdóttir, Kjörís ehf., Kolbeinn Kolbeinsson, Ístak hf. og Tómas Már Sigurðsson, Alcoa í Evrópu.

Auk þess sest í stjórn SI Lárus Andri Jónsson, fulltrúi SART, skv. bráðabirgðaákvæði til tveggja ára.

Kosningaþátttaka var góð eða rúm 82% en kosningin er póstkosning sem fer fram dagana fyrir Iðnþing og eru atkvæði félagsmanna í samræmi við greidd félagsgjöld.

Stjórn Samtaka iðnaðarins hefur skipt með sér verkum og er Kolbeinn Kolbeinsson, varaformaður en Andri Þór Guðmundsson, ritari.



Iðning Samtaka iðnaðarins var í fyrsta sinn haldið í Íþrótt- og sýningarhöllinni í Laugardal og þótti salurinn einkar heppilegur og aðstaða öll til fyrirmyndar.



Breytingar á lögum

Félagsgjöld

Heimilt verður við álagningu félagsgjalda að draga frá veltu húsaleigutekjur enda óski félagsaðili sérstaklega eftir því og skal honum þá skylt að leggja fram staðfestingu frá endurskoðanda eða öðrum sambærilegum aðila.

Breytingin er gerð til að íþyngja ekki félagsmönnum en meðan iðnaðarmálagjaldið var fékk SI veltutölur í gegnum það og þar voru húsaleigutekjur undanskyldar.

Ákvæði til bráðabirgða

Frá og með Iðnþingi 2012 og fram að Iðnþingi 2014 skulu Samtök rafverktaka (SART) eiga fulltrúa í stjórn Samtaka iðnaðarins. Viðkomandi fulltrúi er tilnefndur af SART og gilda því ekki um hann ákvæði þessara laga um kosningu stjórnarmanna. Hann skal þó uppfylla skilyrði laganna um kjörgengi. Uppfylli viðkomandi fulltrúi ekki skilyrði laganna um kjörgengi á tímabilinu skal SART tilnefna annan fulltrúa í hans stað í stjórnina. Stjórn Samtaka iðnaðarins verður því skipuð 9 mönnum, formanni og átta meðstjórnarmönnum, frá og með Iðnþingi 2012 fram að Iðnþingi 2014.

Ákvæði þetta fellur niður á Iðnþingi 2014

Breytingin er gerð vegna sameiningar SART við SI um sl. áramót en í samkomulagi aðila var kveðið á um að SART fengi tímabundið mann í stjórn SI í eitt kjörtímabil, 2 ár. Að loknu kjörtímabilinu fellur þetta ákvæði niður og kjósi SART að bjóða fram fulltrúa lýtur hann almennum reglum varðandi kosningu. Fulltrúar í stjórn SI frá og með Iðnþingi 2014 verða því aftur 8.



Ályktun Iðnþings 15. mars

Fjárfestingar hefjist af krafti
Skýr opinber umgjörð í sátt við athafnalífið
Markvisst afnám hafta
Þjóðin skeri úr um Evrópu- og gjaldmiðlamál
Eftirlitsaðilar verði ekki ríki í ríkinu
Langtíma samvinna menntakerfis og atvinnulífs

Það er verk að vinna í íslenskum hagkerfi. Lykilatriði er að koma arðbærum fjárfestingum af stað á nýjan leik. Þannig má leggja grunn að hagvexti næstu ár, skapa atvinnutækifæri sem sárlega skortir og uppfæra innviðina í landinu. Þó að enginn opinber ágreiningur virðist um þá nauðsyn, hafa ný fjárfestingarverkefni ekki skapast í ríkum mæli árum saman. Helstu ástæður þessa dráttar framan af voru slæm skuldastaða heimila, fyrirtækja og hins opinbera.

Undanfarin misseri hefur opinber stefnumörkun verið helsta hindrunin. Í sumum lykiltílvikum skortir sárlega skýrt lagaumhverfi sem nær útilokar langtímahugsun. Rammaáætlun um virkjun og verndun orkukosta tefst ítrekað í pólitísku þrátæfli innan stjórnarráðsins. Sjávarútvegur og tengdar iðngreinar búa við sífellda óvissu um stöðu sína til framtíðar. Framkvæmdir við samgöngumannvirki fara löturhægt af stað, þótt lífeyrissjóðir hafi boðist til að fjármagna arðbær verkefni til langs tíma. Tilviljanakenndar og örar breytingar á skattkerfinu brengla myndina enn frekar.

Á sama tíma beina hin stífu og stagbættu gjaldeyrishöft innlendum fjárfestum að sömu fáu fjárfestingarkostunum. Af þeim sökum er farið að bera á bólu myndun í sumum eignaflokkum, svo sem opinberum skuldabréfum og tilteknum tegundum fasteigna. Stjórnvöld og Seðlabanki verða að gera alvöru úr því að hefja markvisst afnám hafta í stað þess að nefna það markmið aðeins á hátíðarstundum. Þar þarf að vinna hratt og skipulega, ekki síst til að lífeyrissjóðir þjóðarinnar geti ávaxtað fé sitt með dreifðari og áhættuminni hætti en því einu að fjármagna hallarekstur opinberra aðila á Íslandi.

Jafnframt þarf að komast að niðurstöðu um framtíðarskipan gjaldmiðlamála í landinu og leiða til lykta spurninguna um aðild Íslands að Evrópusambandinu. Þjóðin verður að eiga síðasta orðið í því efni eigi sátt að geta ríkt. Umsóknarferlið hefur reynst tafsamara en stefnt var að. Brýnt er að samningum ljúki með eins hagstæðri niðurstöðu fyrir landsmenn og frekast er unnt.

Á undanförunum árum hefur opinberum eftirlitsaðilum vaxið mjög fiskur um hrygg. Í sumum tilvikum var sá vöxtur eðlileg viðbrögð við boðaföllum bankahrunsins en víða er reglubyrðin komin út í hreinar öfgar. Þannig hefur beinn og óbeinn kostnaður atvinnulífsins af að hlíta kröfum um eftirlit snaraukist. Óskum fyrirtækjanna um sveigjanleika og samvinnu við eftirlitsstofnanir er verr tekið en fyrr.

Atvinnulífið leggur sífellt aukna áherslu á menntað og sérhæft vinnuafl. Þarfir hagkerfisins breytast hratt í kjölfar hinnar ósjálfbæru lána- og fjármálaþenslu á síðasta áratug. Mikilvægt er að tengja menntastarf frá fyrstu skólastigum við starf fyrirtækjanna í landinu og glæða snemma áhuga barna á tækni, raunvísindum og skapandi hugsun. Samtök iðnaðarins hafa þar verk að vinna og eiga að taka frumkvæði í slíku samstarfi atvinnulífs við kennara, sveitarfélög og menntayfirvöld. Rétt eins og samtökin eiga áfram að sinna slíku starfi af krafti á efri skólastigum.

Andstaða við ESB eykst

Evrópumál rædd á félagsfundi

Á félagsfundi SI sem haldinn var í lok mars kynnti Vilborg Helga Harðardóttir nýja og ítarlega könnun meðal félagsmanna SI um afstöðu til Evrópumála. Auk þess hélt Kristján Vigfússon, aðjúnkt við HR erindi um stöðu umsóknarferlisins, stöðu og þróun ESB og stöðu Íslands.

Helstu niðurstöður könnunarinnar eru að mjög skiptar skoðanir eru um hvort draga eigi umsókn um aðild að Evrópusambandinu til baka en u.þ.b. jafn margir eru fylgjandi og andvígir. Mun fleiri eru hlynntir því að ljúka aðildarviðræðum (44%) en eru hlynntir aðild að Evrópusambandinu (27%). Tæplega 59% félagsmanna eru andvígir Evrópusambandsaðild og hefur þeim fjölgað um rúm 19 prósentustig frá árinu 2007. Tæp 69% félagsmanna myndu kjósa á móti ef Evrópusambandsaðild væri borin undir þjóðaratkvæði í dag. Viðhorf félagsmanna til upptöku Evru hefur ekki áður mælst jafn neikvætt og nú; um 36% hlynnt og 45% andvíg.

Þegar spurt er um hag aðildarfyrirtækja SI að ESB aðild taka flestir hlutlausu afstöðu (um 46%). Um 29% telja ESB aðild hagstæða fyrirtækinu og um 24% óhagstæða. Þeim sem telja hana hagstæða hefur fækkað verulega frá árinu 2007 (um 14 prósentustig).

Þá hafa enn meiri breytingar hafa orðið á viðhorfum til þess hvort efnahag landsins sé betur eða verr borgið með ESB aðild. Helmingur telur nú aðild slæma fyrir efnahag Íslands og hefur fjölgað í þeim hópi um 19 prósentustig frá 2007.


Greiningar eftir bakgrunnsbreytum sýnir að fyrirtæki á höfuðborgarsvæðinu, stór fyrirtæki, fyrirtæki sem flokkast undir hugverk og tækni og framleiðslu og þjónustu eru hlynntari ESB og upptöku evru en önnur fyrirtæki.

Lítill breyting á viðhorfi til ESB aðildar meðal almennings

Samhliða könnun meðal félagsmanna var gerð könnun meðal almennings um viðhorf til aðildar að Evrópusambandinu og aðildarviðræðna. Hún gefur til kynna að 56,2% séu andvígir aðild en 26,3% hlynnt. Þessar tölur eru svipaðar og hafa komið fram í sambærilegum könnunum fyrir samtökin 2011 og 2010.

Þegar spurt var út í viðhorf til aðildar-

Ertu hlynntur eða andvígur aðild Íslands að ESB? Spurt af Capacent meðal félagsmanna SI



viðræðna kemur í ljós að 43,6% eru fylgjandi því að íslensk stjórnvöld dragi umsókn til baka en 42,6% andvíg. Munurinn er ekki tölfræðilega marktækur.

Mikil áhersla var lögð að vandaða framsetningu spurninga. Þannig var bæði spurt hvort viðkomandi væri fylgjandi eða andvígur að draga umsókn til baka

og hins vegar hvort viðkomandi væri fylgjandi eða andvígur að ljúka aðildarviðræðum.

Samtök iðnaðarins hafa kannað hug til aðildar að Evrópusambandinu reglulega frá árinu 2000. Nýju könnunina og eldri kannanir má finna á vef SI.

Samtök íslenskra gagnavera, DCI, stofnuð



Samtök íslenskra gagnavera voru formlega stofnuð innan Samtaka iðnaðarins 2. mars.

Markmið samtakanna er að standa vörð um hagsmuni gagnavera á Íslandi. Mikil vaxtækifæri felast innan greinarinnar verði henni tryggð samkeppnishæf starfsskilyrði. DCI munu því vinna

að því að gagnaveraiðnaður fái tækifæri til að vaxa og dafna hérlendis.

Stjórnina skipa, Kolbeinn Einarsson hjá Advania, stjórnarformaður og meðstjórnendur eru Isaac Kato hjá Vern Holdings ehf. og Ágúst Einarsson hjá Nýherja.



Menntadagur iðnaðarins var haldinn í HR 9. mars. Yfirskrift málfingsins var *Markviss menntastefna forsenda öflugis atvinnulífs* og voru þátttakendur ríflega 70 talsins. Málfingur var haldið samhliða Íslandsmóti verk- og iðngreina og Forritunarkeppni framhaldsskólanna og var því mikið líf og fjör í húsnæði HR.

Alls voru flutt níu erindi og var sérstaklega horft á stöðu menntamála út frá aukinni þörf fyrir verk- og tæknimenntað starfsfólk.

Katrín Jakobsdóttir, mennta- og menningarmálaráðherra, setti formlega bæði Menntadaginn og Íslandsmótið.

Vilborg Einarsdóttir, framkvæmdastjóri Mentors og stjórnarmaður SI fjallaði um hvað má betur fara í íslenska skóla-kerfinu. Hún sagði m.a. að til að menntastefna styðji raunverulega við atvinnulífið þurfi víðtækt samstarf atvinnulífs, menntayfirvalda og menntastofnana sem hafa raunveruleg áhrif til breytinga og að Ísland hafi einstakt tækifæri til að taka forystu í menntun í heiminum.

Rakel Sölvadóttir, verkefnisstjóri hjá Hjallastefnunni og framkvæmdastjóri Skema sagði frá nýjum leiðum í forritunarkennsla og spjaldtölvuvæðingu. Hún vill að nemendum sé ekki eingöngu kennt að vinna á tölvuna heldur einnig með henni og taldi mikið áhyggjuefni að aðeins 2,68% af nýrri aðalnámskrá er helgað upplýsinga- og tæknimennt sérstaklega.

Jón B. Stefánsson, skólameistari Tækniskólans, skóla atvinnulífsins skýrði frá núverandi skipulagi verk- og tæknináms og skýrði frá tillögum að úrbótum sem verk- og tæknimenntaskólarnir hafa lagt til við menntamálaráðuneytið.

Þóra Ásgeirsdóttir, framkvæmdastjóri Maskínu, kynnti niðurstöður könnunar sem Iðan lét gera í lok ársins 2011 meðal útskrifaðra sveina um vinnuumhverfi iðnaðarmanna.

Þrír fulltrúar atvinnurekenda fjölluðu


um vinnustaðanam út frá sjónarhóli fyrirtækja sinna.

Rannveig Rist, forstjóri Alcan á Íslandi, Torfi Pálsson, starfsmannastjóri Ístaks og Eðvald Sveinn Valgarðsson, gæðastjóri Kjarnafæðis.

Elín Thorarensen verkefnisstjóri og sérfræðingur í mennta- og menningarmálaráðuneytinu sagði frá þeirri vinnu sem ráðuneytið hefur staðið fyrir í vetur þar sem starfsmenntakerfið í heild sinni hefur verið skoðað í samstarfi við hagsmunaaðila.

Að lokum dró fundarstjóri, Orri Hauksson, fram helstu niðurstöður erinda dagsins og skýrði frá þeim verkefnum sem framundan eru hjá SI.

V
a
x
t
a
r
s
p
r
o
t
i



Vaxtarsproti ársins verður afhentur í sjötta sinn þann 4. maí í Cafe Flóru í Grasagarðinum Laugardal við hátíðlega viðhöfn.

Handpoint ehf. hlaut „Vaxtarsprotann 2011“ en Marorka, Trackwell og Gogogic fengu viðurkenningu fyrir góðan vöxt á því ári.

Tilgangurinn með Vaxtarsprotanum er að vekja athygli á góðum árangri sprotafyrirtækja í örum vexti og skapa um leið aukinn áhuga og skilning á uppbyggingarstarfi þessara fyrirtækja. Um er að ræða samstarfsverkefni Samtaka iðnaðarins, SSP, Háskólans í Reykjavík og Rannsóknamiðstöðvar Íslands.

Íslandsmót iðn- og verkgreina aldrei stærra og glæsilegra



170 nemendur kepptu í 19 greinum þann 9. og 10. mars í Háskólanum í Reykjavík.

Þetta er í sjötta sinn sem Íslandsmótið er haldið. Keppnin hefur aldrei verið stærra og glæsilegri, en um 2.200 grunnskólanemar skoðuðu keppnina og kynntu sér menntunartækifæri. Ætla má að ríflega 3000 manns hafi sótt mótið. Simon Bartley, forseti World Skills, ávarpaði

keppendur, dómara og gesti á lokaathöfn og verðlaunaafhendingu mótsins.

Nánari upplýsingar um úrslit Íslandsmótsins er að finna á www.verkidn.is

Verkið stendur fyrir Íslandsmóti verk- og iðngreina hérlendis og þátttöku Íslendinga á "World skills". Næsta alþjóðamót verður haldið í Leipzig í Þýskalandi í júlí 2013.

Metþátttaka á Seed Forum Iceland

Fimm íslensk sprotafyrirtæki, tvö norsk fyrirtæki og eitt sænskt/breskt fyrirtæki kynntu sig fyrir fjárfestum á Seed Forum Iceland 13. apríl. Íslensku sprotafyrirtækin, Unimaze Software, FPG Locatify, Grapewire, Nordic Photos og erlendu fyrirtækin, Fair Trading Technology, Trianglo og Dento Tech.

Aðalræðumaður þingsins var Joachim Krohn-Høegh, framkvæmdastjóri Argentum, sem er stærsti áhættufjárfestingarsjóður á Norðurlöndum með eignasafn sem er rúmlega 150 milljarða króna virði. Argentum er í eigu norska ríkisins en forsvarsmenn sjóðsins hittu lykilaðila í íslensku fjárfestingarumhverfi og hafa lýst yfir áhuga á að fjárfesta í íslenskum áhættufjárfestingarsjóðum.

Ennfremur hélt Torkel Ystgaard, aðstoðarframkvæmdastjóri SIVA, erindi en SIVA rekur m.a. 44 iðnaðargarða og er hluthafi í 145 sprotafyrirtækjum.

Seed Forum Iceland er rekið af Sprotapíngi Íslands sem samfélag hagsmunaaðila sprotafyrirtækja og fjárfesta á Íslandi. Aðilar Sprotapíngs Íslands eru Samtök iðnaðarins, Viðskiptaráð, Eyfir

Ólafur Ragnar Grímsson, forseti Íslands setti ráðstefnuna og nýkjörinn formaður SI Svana Helen Björnsdóttir var með erindi



Investments, Nýsköpunarsjóður atvinnulífsins, Íslandsstofa, Nýsköpunarmiðstöð Íslands, Iðnaðarráðuneytið, Nýherji og Klak – Nýsköpunarmiðstöð atvinnulífsins. Aðalstyrktaraðili Sprotapíngs Íslands er Arion banki. Jafnframt hafa breska og norska sendiráðið stutt Seed Forum Iceland.



RÁÐSTEFNAN Í HÖRPU 2. MAÍ 2012

BETRI STJÓRNUN BETRI FYRIRTÆKI



Lean Ísland ráðstefnan í fyrsta sinn þann 2. maí 2012 í Hörpu. Úrval sérfræðinga prýða dagskrá ráðstefnunnar þar sem áhersla er lögð á Lean stjórnun, hugsun og menningu.

Skráning á: www.lean2012.is


SPRETTUR



RioTintoAlcan

 marel



 Nýsköpunarmiðstöð Íslands



Bandarísk verslunarkeðja velur íslenskan hugbúnað

Bandaríska fyrirtækið Event Network Inc., sem rekur fjölda verslana í söfnum og gördum í N-Ameríku, hefur gert samning við íslenska hugbúnaðarfyrirtækið LS Retail og Microsoft Dynamics NAV. LS Retail stendur að baki háþrúðum afgreiðsluhugbúnaði en kerfin verða innleidd í allar verslanir fyrirtækisins í Bandaríkjunum. Magnús Norðdahl, forstjóri LS Retail, segir samninginn vera stóran og mikilvægan en Event Network rekur verslanir í tugum safna og garða um öll Bandaríkin. Má þar m.a. nefna Abraham Lincoln safnið, Harry Potter safnið, Titanic safnið, American Museum of Natural History, New York State Museum, dýragarðana í Cleveland, Indianapolis, Fíladelfíu og Phoenix o.m.fl. LS Retail hefur starfað frá árinu 1988. Megnið af viðskiptum fyrirtækisins fer fram erlendis þar sem það á í samstarfi við yfir 120 aðila í 60 löndum um allan heim. Fyrirtækið er þó alíslenskt og fer öll þróunarvinna fram héraðslendis. Hjá fyrirtækinu starfa nú um 70 manns með víðtæka menntun og reynslu.

CCP frumsýndi nýjan tölvuleik á EVE Fanfest



CCP frumsýndi tölvuleikinn DUST 514 á upphafsdegi Fanfest-hátíðarinnar 22. mars. Almennings og blaðamönnum var gefinn kostur á að spila leikinn, sem koma mun út síðar í ár. Yfir 70 erlendir blaðamenn voru gagngert staddir héraðslendis vegna þessa. Einstakir eiginleikar DUST 514 og hvernig útgáfu leiksins er háttað hefur vakið mikla athygli í erlendum fjölmiðlum.

Fanfest í Reykjavík

EVE Fanfest er árleg hátíð og ráðstefna tölvuleikjaframleiðandans CCP. Hátíðin fór nú fram í áttunda sinn. Rúmlega þúsund manns víða að úr heiminum sóttu hana heim. Hátíðin þjónar margvíslegum tilgangi fyrir CCP og samfélag EVE Online spilara í heiminum. Á hana koma spilarar leiksins allstaðar að úr veröldinni, fagna og ráða ráðum sínum. Sumir hverjir hafa aldrei hist í raunheiminum.

Handpoint vinnur til alþjóðlegra verðlauna



Handpoint vann hin virtu alþjóðlegu „Channel Awards 2012“ verðlaun. Handpoint tók þátt í Merchant Payment Ecosystem ráðstefnunni í Berlín í Þýskalandi en þar koma saman allir helstu fagaðilar í heiminum sem sjá um að veita fyrirtækjum lausnir til að geta tekið á móti kortagreiðslum.

Á ráðstefnunni voru 600 gestir víðsvegar úr heiminum m.a. posaframleiðendur, færsluhirðar og hugbúnaðarfyrirtæki úr greiðslugeiranum.

Davíð Guðjónsson framkvæmdastjóri Handpoint var sérstaklega fenginn til að ávarpa ráðstefnuna. Þar kynnti hann einstaka lausn fyrirtækisins á alþjóðavísu, greiðslulausnina Handpoint Headstart sem gerir fyrirtækjum, söluaðilum og einstaklingum kleift að taka á móti kort og pinn kortagreiðslum með snjallsíma eða spjaldtölvu ásamt hefðbundnum afgreiðslukössum. Handpoint Headstart lausnin er sú fyrsta sinnar tegundar í heiminum. Handpoint fékk sérstaka viðurkenningu fyrir þessa einstöku lausn og var Davíð afhent „The Channel Awards 2012“ fyrir nýsköpun á sviði móttöku kortagreiðslna.

ORF Líftækni eykur hlutfé um 300 milljónir



ORF Líftækni hefur lokið hlutfjárukningu upp á 300 milljónir króna í samstarfi við Arctica Finance. Fjórtán innlendir og erlendir fjárfestar tóku þátt í hlutfjárukningunni og var umframaskrift 13,7%. Fjármagnið hyggst ORF Líftækni nýta til áframhaldandi uppbyggingar á framleiðslu fyrirtækisins og til aukins markaðsstarfs erlendis. Hluthafar ORF Líftækni eftir hlutfjárukninguna eru um 80 talsins.

Eftir tíu ára rannsókn- og þróunarstarf hefur sala á framleiðsluafurðum ORF Líftækni margfaldast á síðustu misserum og á síðasta ársfjórðungi 2011 var afkoma félagsins jákvæð. Á árinu 2011 námu tekjur ORF Líftækni ríflega 360 milljónum króna og höfðu þrefaldast frá árinu 2010. Gert er ráð fyrir því að tekjur fyrirtækisins muni enn tvöfaldast á þessu ári, með aukinni sölu og sókn á nýja útflutningsmarkaði.

Hönnunar
Mars
22.-25.03
Design
March
2012



HönnunarMars fór fram í fjórða skiptið, dagana 22. - 25. mars. HönnunarMars er fjögurra daga hönnunarhátíð í Reykjavík þar sem dagskráin er barmfull af fjölbreyttum og spennandi viðburðum af ýmsu tagi. Hönnuðir bjóða almenningi að kynna sér heim hönnunar með áhuga-verðum sýningum og fróðlegum fyrirlestrum sem endurspeglar fjölbreytta flóru íslenskrar hönnunar og arkitektúrs.

Mikill fjöldi gesta sótti hátíðina heim og skoðaði yfir 100 viðburði sem um 500 hönnuðir tóku þátt í á einn eða annan hátt.

Meðal dagskrárliða var fyrirlestrardagur þar sem fram komu fjórir framsæknir hönnuðir, sýning húsgagnaframleiðenda í Víkinni Sjóminjasafni í Grandagarði og sýning á afrakstri háskólanámskeiðsins „Vistvæn nýsköpun matvæla“.

HönnunarMarsinn spannar vítt svið, allt frá helstu hönnuðum þjóðarinnar til nýútskrifaðra hönnuða. Á HönnunarMars er hönnun kynnt sem atvinnugrein sem byggir á traustum grunni og gegnir veigamiklu hlutverki.

Mysuklakinn Íslandus: frumlegur, umhverfisvænn og bragðgóður

Á HönnunarMars fór fram sýningin EcoTrophelia Iceland sem er fyrsta sýn-



ing og nemendakeppni sinnar tegundar á Íslandi. Fjöldi nemenda á háskólastigi hefur á síðustu mánuðum unnið að því að þróa vistvæna og frumlega matvöru á námskeiði sem haldið er í samstarfi háskóla og rannsóknastofnana. Afraksturinn var til sýnis í Listaháskóla Íslands á HönnunarMars en verðlaun fyrir frumlegustu, vistvænstu og markaðshæfustu hugmyndina voru veitt af forseta Íslands, Ólafi Ragnari Grímssyni á laugardaginn.

Fimm hópar tóku þátt í keppninni og var rauði þráðurinn í öllum hugmyndunum að nýta vannýtt hráefni og aukaafurðir matvælavinnslu til að búa til markaðshæf matvæli. M.a var unnið með afgangstómata, fiskroð, lambapindar, þara og skyrmysu.

Þær Elín Agla Briem og Sigríður Anna Ásgeirsdóttir, nemendur í umhverfis- og auðlindafræði við Háskóla Íslands eru höfundar sigurvörunnar. Vöruna nefna þær Íslandus, með vísun til Sölva Helgasonar, en um er að ræða 100% náttúrulegan og lífrænan mysuklaka, bragðbættan með berjasafa og íslenskum jurtum. Kjartan Þór Trauner, nemandi við Listaháskóla Íslands sá um vöruhönnunina.

Mysuklakinn Íslandus verður framlag Íslands í Evrópukeppninni EcoTrophelia 2012 í París í október í haus.

Framtíðarnýting orkuauðlinda á Íslandi



Afmælisráðstefna Verkfæðingafélags Íslands, VFÍ var haldin á Grand Hótel Reykjavík í mars. Orri Hauksson, framkvæmdastjóri SI var meðal frum-mælenda en hann fjallaði um sýn iðnaðarins á orkunýtingu framtíðarinnar.

Orri sagði m.a. Ísland eiga góða möguleika að verða uppspretta lausna og afurða, sem tengjast jarðvarma og ýmsum öðrum sviðum umhverfis, orku og stóriðju og nefndi sem dæmi reynslu Íslendinga af jarðvarma við jarðlagagreiningu á Drekasvæðinu. „Hvort sem upp kemur dropi af nýti-

legri olíu á þessu svæði eða ekki, eigum við að nýta styrkleika okkar og þekkingu á sjó og landi, til að þjónusta kafbátaleit, hljóðbylgjurannsóknir og aðra tæknilega flókna viðleitni á svæðinu. Fjölnýting, ferðaþjónusta, hreint eldsneyti og aðrar aukabúgreinar jarðvarmans er einnig svið sem við munum beina sjónum okkar að í auknum mæli. Þau umskipti, að við högnumst fyrst og fremst á hliðargreinum orkuiðnaðar, verða hins vegar ekki á morgun. Við getum ekki látið af frekari orkuframkvæmdum í dag og beðið með hendur í

skauti, eftir að lifa á visku okkar einni saman“ sagði Orri. Þvert á móti þurfi að setja markið hátt til langs tíma, í stöðugri uppfærslu orkumannvirkja og í að nýta sífellt betur okkar innlendu möguleika. Þannig getum við ræktað þekkingariðnað okkar og nýsköpun, sem síðan hægt er að búa til verðmæti úr fyrir aðra markaði.

Útboðsþing 2012



Á Útboðsþingi Samtaka iðnaðarins voru kynntar opinberar verklegar framkvæmdir að fjárhæð 42 milljarða króna. Til samanburðar voru áætlaðar framkvæmdir í fyrra að andvirði 51 milljarður króna sem þýðir um 18% samdrátt.

Framkvæmdasýsla ríkisins

Framkvæmdasýsla ríkisins ráðgerir framkvæmdir á vegum ráðuneytanna að fjárhæð 7,8 milljarða.

Reykjavíkurborg

Reykjavíkurborg ráðgerir framkvæmdir fyrir 8,8 milljarða sem er sama upphæð og í fyrra. 1,5 milljarðar eru áætlaðir í viðhald gatna og fasteigna, 3,9 milljarðar í fasteignir og stofnbúnað og 2,6 milljarðar í gatnaframkvæmdir.

Vegagerðin

Vegagerðin gerir ráð fyrir að verja 6 milljörðum í nýfjárfestingar og rekstur vegakerfisins en áætlun í fyrra hljóðaði upp á 10,8 milljarða króna.

Auk ofangreindra kynntu verkefni sín Landsvirkjun, Orkuveita Reykjavíkur, Landsnet, Siglingastofnun og HS orka.

Ríkiskaupum gert að kaupa inn samkvæmt gildandi rammamningi



Kærunefnd útboðsmála hefur fellt úr gildi rammamningsútboð Ríkiskaupa um þjónustu verktaka í iðnaði utan suðvestur hornsins.

Tildrög málsins voru þau að sl. sumar hélt Ríkiskaup rammamningsútboð vegna viðhalds á fasteignum í eigu ríkissjóðs á öllu landinu. Í framhaldinu var síðan gengið til samninga við fjölda iðnaðarmanna víðs vegar á landinu á grundvelli niðurstöðu rammamningsútboðsins.

Ríkiskaup ákvað svo í október/nóvember að bjóða þetta aftur út, þó einungis utan suðvestur hornsins þar sem ekki búrast nægilega mörg tilboð frá iðnaðarmönnum úti á landi. Félagsmenn SI mótmæltu þessu og þá sérstaklega þeir iðnaðarmenn á landsbyggðinni sem voru komnir með bindandi samning við Ríkiskaup eftir niðurstöður fyrra útboðsins. SI kærðu fyrir hönd félagsmanns,

rammamningsútboðið til kærunefndar útboðsmála.

Í rökstuðningi kærunefndar útboðsmála segir m.a. að skv. meginreglum útboðsréttar sé rammamningshafa að alla jafna ekki í sjálfvald sett að ákveða hvort keypt verði inn á grundvelli rammamnings eða skipt við aðra aðila. Ákvæði í lögum um opinber innkaup hefur að geyma undantekningu frá þessari meginreglu ef mælt er fyrir um í útboðsgögnum að kaupendur séu ekki skuldbundnir til að skipta eingöngu við aðila rammamnings við þau innkaup sem samningur tekur til. Hvergi í gildandi rammamningi, sem komst á í kjölfar rammamningsútboðsins síðastliðið sumar, var að finna frávik frá fyrrgreindri meginreglu laga um opinber innkaup. Samkvæmt því bar Ríkiskaupum að kaupa inn á grundvelli gildandi rammamnings.

Framlag áliðnaðar til landsframleiðslu um 90 milljarðar á ári

Beint og óbeint framlag áliðnaðar til vergrar landsframleiðslu er um 90 milljarðar á ári samkvæmt skýrslu

Hagfræðistofnunar Háskóla Íslands sem unnin var fyrir Samál, um framlag áliðnaðarins til þjóðarþúsins.

Samál gerði í febrúar 2011 samning við Hagfræðistofnun um að stofnunin tæki að sér að rannsaka framlag áliðnaðar til þjóðarþúsins. Verkið

er nokkuð viðamikilið og er því unnið í nokkrum áföngum. Í þessari skýrslu er gerð grein fyrir nokkrum niðurstöðum úr fyrsta áfanga verksins, þ.e. mati á beinu og óbeinu framlagi áliðnaðar til landsframleiðslu.

Meginniðurstöður skýrslunnar sem nú er komin út, eru sem hér segir:

Beint og óbeint framlag áliðnaðar til vergrar landsframleiðslu mældist u.þ.b. 85 til 96 milljarðar króna að jafnaði árin 2008-10 á verðlagi ársins 2010. Þetta samsvarar u.þ.b. 6-6,8% af vergri landsframleiðslu. Í þessu mati er ekki er tekið tillit til eftirspurnaráhrifa af tekjum sem myndast í álframléiðslu.

Til samanburðar hefur beint og óbeint framlag sjávarútvegs til landsframleiðslunnar án eftirspurnaráhrifa á árinu 2010 verið áætlað um 17,5%.

Af framangreindu framlagi áliðnaðar er óbeint framlag, þ.e. virðisauki sem myndast í tengdri starfsemi, á bilinu 40-51 milljarðar króna. Það svarar til allt að 3,6% af landsframleiðslu.

Hlutdeild útflutnings á álafurðum í vöruútflutningi landsmanna hefur vaxið hröðum skrefum undanfarin ár og er nú í námunda við 40%. Er það svipað hlutfall af vöruútflutningi og útflutningur sjávarafurða.

Ætla má að um 4.800 manns starfi í áliðnaði og tengdum greinum eða um 2,7% vinnuafslins. Af þessum fjölda starfa eru um 2.000 í álframléiðslu beint en um 2.800 í tengdum greinum.

Sveinn Agnarsson forstöðumaður Hagfræðistofnunar og Ragnar Árnason, prófessor, höfðu yfirumsjón með verkinu sem að mestu var unnið af hagfræðingnum Önnu Guðrúnu Ragnarsdóttur.





**Icelandic
Gaming
Industry**

Tölvuleikjageirinn á Íslandi veltir 50 milljónum evra og við hann vinna um 500 manns. Þetta er meðal þess sem kom fram á ráðstefnu IGI, samtaka íslenskra tölvuleikjaframleiðenda, sem haldin var í Hörpu í mars samhliða EveOnline Fanfest.

Á ráðstefnunni var sjónum beint að þeim tækifærum sem blasa við leikjaframleiðendum þegar kemur að snjallsímum og tölvum. Fjallað var um framtíð tölvuleikjaframleiðslu hér á landi, hvaða tækifæri eru á alþjóðlegum markaði og hvernig þau verði best nýtt. Þá var sérstök áhersla lögð á markaðs- og kynningarhlið iðnaðarins ásamt því að kynna fyrir hagsmunaaðilum hversu mikla þýðingu iðnaðurinn hefur fyrir íslenskan markað og markaðssetningu landsins.

ÍSLENSKT 2012 STÓRSÝNING Í PERLUNNI Í HAUST

Sýningarfyrirtækið Ritsýn sf. sem hefur staðið að vörusýningum í 17 ár heldur stórsýningu í Perlunni laugar- daginn 6. og sunnudaginn 7. október. Sýningin nefnist ÍSLENSKT 2012 og er markmið hennar að gefa fyrirtækjum kost á að kynna vörur og þjónustu fyrir miklum fjölda gesta og styrkja þar með markaðsstöðu og jákvæða ímynd íslenskrar vöru og þjónustu. Frítt verður fyrir almenning inn á sýninguna og má fastlega gera ráð fyrir þúsundum gesta.

Þessi sýning hentar afar vel fyrir fyrirtæki sem bjóða upp á íslenskar vörur og þjónustu en hún er bæði kynningar- og sölusýning. Allar nánari upplýsingar gefur Ólafur M. Jóhannesson, framkvæmdastjóri ÍSLENSKT 2012.

BIM – Frá hönnun til framkvæmda



Mikill áhugi var á kynningarfundi um notkun BIM líkana í mannvirkjagerð sem haldinn var í lok mars. Verktakar og hönnuðir fylgdust með af athygli þegar sérfræðingar á sviði BIM kynntu hina nýju aðferðarfræði.

Upplýsingalíkon mannvirkja er íslenska heitið á hugtakinu Building Information Modeling eða BIM eins og það er oftast skammstafað. Þetta er aðferðafræði við undirbúning, hönnun, byggingu og rekstur mannvirkja þar sem hönnuðir setja upp rafræn, þrívíð og hlutbundin líkon af mannvirkjum.

Við hvern byggingarluta er síðan unnt að tengja ýmis konar upplýsingar um eiginleika hans. Upplýsingalíkanið gefur því raunsanna mynd af þeim einingum sem notaðar verða í mannvirkið sjálft.

Á framkvæmdatíma nýta verktakar þær upplýsingar sem í líkaninu liggja og geta þeir m.a. tekið snið í mannvirkið hvar sem þeir kjósa, framkvæmt sér- tæka magntöluútreikninga og tengt tímaáætlun við einstaka byggingarluta.

Þegar framkvæmdum lýkur eru valdar upplýsingar úr líkaninu færðar yfir í svo- nefnt rekstrarlíkan sem auðveldar rekst-

raraðilum viðkomandi byggingar að fylg- ast á kerfisbundinn hátt með t.d. við- haldi á kerfum hússins.

Eitt af markmiðunum með notkun BIM er að samþætta hönnunarferli mannvirkja og hönnunargögn betur til að auka gæði, nákvæmni og áreiðanleika þeirra. Allir aðilar verkefnis vinna með samræmdar rafrænar upplýsingar í sameiginlegu upplýsingalíkani.

Á fundinn komu sérfræðingar, innlendir og erlendir og greindu frá reynslu sinni. Enginn vafi var í huga framsögumanna að BIM væri framtíðin varðandi hönnun, byggingu og rekstur mannvirkja. Fyrstu verkefni er að fara af stað hérlandis og kynntu hönnuðir Framhaldsskólans í Mosfellsbæ nýtt líkan sem unnið hefur verið fyrir FSR. Þá kynnti fyrirtækið IceConsult notkun BIM líkana við rekstur mannvirkja. Einnig komu tveir tækni- menn frá danska verktakafyrirtækinu PHIL og sögðu frá BIM reynslu sinni í fjölmörgum verkefnum víða um heim. Áhugavert var að heyra hversu jákvæða reynslu fyrirtækið hefði af þessari nýju aðferðarfræði. Verulegur sparnaður fengist vegna minni sóunar og færri mistaka.

Húsfyllir var á samkomunni og fundarmenn á einu máli um að BIM- væðing á íslenskum mannvirkjamarkaði væri hafin.



Atvinnumessa í Laugardalshöll

Samtök iðnaðarins tóku þátt í atvinnumessunni sem fram fór í Laugardagshöll 9. mars. Um er að ræða sameiginlegt framtak atvinnulífsins, stéttarféлага og stjórnvalda en messan er hluti af átaksverkefninu Vinnandi vegur sem hóf göngu sína 21. febrúar og stendur til loka maí. Markmið átaksins er að fjölga störfum og minnka atvinnuleysi. Sérstök áhersla er á að skapa langtímaatvinnulausum vinnu og stendur fyrirtækjum til boða markverður fjárhagslegur stuðningur í því samhengi. Þegar eru komin um 1.000 ný störf inn í verkefnið en markmiðið var að skapa um 1.500 störf fram að vori.

Fjölmarginir gestir komu á sameiginlegan bás SA, SI, SVÞ og SAF og vildu fræðast um störf samtakanna og aðkomu að verkefninu.

Á vef Vinnumálastofnunar er ítarlega fjallað um hvernig ráðning starfsfólks gengur fyrir sig og hvaða skilyrði fyrirtæki þurfa að uppfylla til að taka þátt. Við nýráðningar verður boðið upp á mismunandi leiðir til ráðninga sem henta fyrirtækjum af öllum stærðum og gerðum.

Svipmyndir frá Árshófi SI 16. mars



Nýkjörinn formaður Svana Helen Björnsdóttir forstjóri Stika býður prúðbúna gesti árshófs Samtaka iðnaðarins velkomna

Veislustjóri kvöldsins, Kolbeinn Kolbeinsson framkvæmdastjóri Ístaks



Ræðumaður kvöldsins, Tómas Már Sigurdsson forstjóri Alcoa í Evrópu



Skemmtikraftar kvöldsins Ari Eldjárn og Jóhann Alfreð Kristinsson kitluðu hláturtaugarnar





STENDUR ÞÚ SKIL Á ÞÍNU?

Samfélagið er svikið um 40 milljarða vegna svartrar atvinnustarfsemi

Talið er að tekjutap hins opinbera vegna skattsvika nemi nálægt 40 milljörðum á hverju einasta ári. Fyrir þá fjárhæð væri til dæmis hægt að standa straum af heildarútgjöldum ríkissjóðs til menntamála í eitt ár eða bjóða upp á ókeypis skólamáltíðir fyrir 40 þúsund grunnskólanemendur í 13 ár.

Hættum að kaupa og selja svarta vinnu!

